



Áfanganúmer: GRÍS1FO08

Prep: 1

Einingar: 8

Forkröfur: engar

Lýsandi heiti: Gríska í fornmaladeild 5. bekk –
Byrjendaáfangi

Áfangalýsing:

Kenndar eru fjórar kennslustundir í viku. Farið er yfir gríska stafrófið, helstu framburðarreglur, málfræðihugtök og grunnatriði málfræði. Beygingar eru útskýrðar og æfðar. Stuttir kennslubókartextar eru lesnir, svo og einstakar setningar og málshættir, og er efnið þýtt og greint málfræðilega. Fjallað er um menningu og sögu Grikkja í máli og myndum í tengslum við lestexta.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- almennum framburðarreglum grískunnar
- grundvallaratriðum grískrar beygingafræði og málfræði
- grunnorðaforða forngrísku

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og skilja léttar kennslubókartexta í samfelldu máli, einstakar setningar og málshætti með hjálp orðalista
- greina texta málfræðilega
- beita þekkingu sinni og færni í stýrðum rituðum æfingum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja grískan menningarheim og tengsl hans bæði við rómverska og vestræna menningu
- gera sér grein fyrir hlutverki grískra orða og orðstofna í orðaforða nýmálanna

Mat á hæfniviðmiðum

- Námsseinkunn byggist á vinnu vetrarins og virkni í tímum.
- Jólapróf: Skriflegt próf í 90 mínútur.
- Vorpróf: Skriflegt próf í 90 mínútur.